

Rannsóknasjóður Listaháskóla Íslands Leiðbeiningar fyrir umsækjendur

1. Upplýsingar um umsækjanda

- 1.1 Nafn umsækjanda
- 1.2 Kennitala
- 1.3 Starfsheiti og hlutfall
- 1.4 Deild og námsbraut
- 1.5 Netfang

2. Grunnupplýsingar um rannsóknarverkefni

- 2.1 Heiti verkefnis á íslensku
- 2.2 Heiti verkefnis á ensku
- 2.3 Lykilorð á íslensku (2-5 orð)
- 2.4 Lykilorð á ensku (2-5 orð)
- 2.5 Útdráttur á íslensku (hámark 200 orð)
- 2.6 Útdráttur á ensku (hámark 200 orð)
- 2.7 Fjöldi ára sem sótt er um. Hægt er að sækja um eitt, tvö eða þrjú ár í senn. Hér skal einnig koma fram ef um nýja umsókn eða framhaldsumsókn er að ræða.

3. Lýsing á rannsóknarverkefni

3.1 Staða þekkingar, markmið, framlag og ávinningur (hámark 1.200 orð):
Hér skal lýsa tengslum verkefnisins við viðkomandi fagsvið og verk annarra á sviðinu. Hvert er viðfangsefni verkefnisins? Hverju bætir verkefnið við núverandi stöðu þekkingar? Hvert er framlag, gildi og ávinningur verkefnisins fyrir viðkomandi fagsvið? Hvernig tengist verkefnið rannsóknastefnu skólans og/eða markmiðum akademísku starfs, þ.m.t. kennslu?

3.2 Aðferðir, verk- og tímaáætlun (hámark 1.000 orð).
Hér skal lýsa rannsóknarferlinu og þeim aðferðum sem beitt verður við útfærslu viðfangsefnisins. Æskilegt er að skipta tímaáætlun upp í mismunandi verkþætti eða vörður.

3.3. Verkefnastjórnun og þátttakendur

Hér skal gera grein fyrir þekkingu og reynslu umsækjanda og annarra þátttakenda í verkefninu og lýsa framlagi allra starfsmanna verkefnisins sem og samstarfsaðila. Sé um samstarf að ræða skal gera skýra grein fyrir hlutverki allra þátttakenda og sambandi þeirra á milli. Tilgreina skal sérstaklega ef um þátttöku nemenda er að ræða og gera stuttlega grein fyrir hvernig þeir tengjast verkefninu. Þá skal tilgreina á hvaða námsstigi þeir eru og við hvaða skóla þeir stunda nám. Æskilegt er að nemendur séu á meistarastigi og það styrkir umsókn ef nemendur eru í námi við Listaháskóla Íslands.

3.4 Afrakstur og miðlun (hámark 1.000 orð).

Hér skal fjalla um áætlaðan afrakstur verkefnisins og mat lagt á hann, en áhersla skal lögð á að verkefninu sé miðlað til samfélagsins. Dæmi um afrakstur eru bókverk, tónverk, myndverk, handrit, sýningarstjórnun, bækur, tímaritagreinar, framlag á ráðstefnu, hugbúnaður, byggingar og mótun manngerðs umhverfis, forvarsla, gjörningar og hvers kyns sviðsflutningur í rauntíma, þjónusta, vara, hönnunarverk,

hönnunartillögur og kvikmyndir. Auk þessa getur talist til afraksturs hvers kyns gerð gagnagrunna og sértæk söfn sem styðja við uppbyggingu og innviði fræðasviðsins *listir*.

4. Kostnaðaráætlun

Hér skal heildarkostnaður koma fram, auk nákvæmrar sundurliðunar allra kostnaðarpáttá á verkefnatímabilinu. Heimilt er að sækja um styrk vegna framleiðslukostnaðar/efniskostnaðar, aðkeyptrar þjónustu, launa aðstoðarmanna, ferðakostnaðar og annars útlagðs kostnaðar sem nauðsynlegur er við framkvæmd verkefnisins. Ekki er hægt að sækja um fyrir eigin launum í sjóðinn. Tilgreina skal framlög sem þegar eru tryggð, sem og mótframlag skólans í rannsóknarhlutfalli umsækjanda, og útistandandi umsóknir vegna verkefnisins.

4.1 Yfirlit kostnaðaráætlunar

Ár	Heildarkostnaður	Sótt um til Rannsóknasjóðs LHÍ	Tryggð framlög - aðili	- upphæð	Aðrar umsóknir í vinnslu - aðili	- upphæð
2020 - 21						
2021 - 22						
2022 - 23						

4.2 Sundurliðuð kostnaðaráætlun

Kostnaðarliður	Kostnaður alls	Hlutur rannsóknasjóðs LHÍ	Framlög annarra, aðili + upphæð
Efniskostnaður			
Laun aðstoðarmanna			
Aðkeypt þjónusta			
Ferðakostnaður			
Annað			

4.3 Skýringar kostnaðarliða. Hér skal gera nákvæma grein fyrir hverjum kostnaðarlið. Lýsa skal innihaldi efniskostnaðar, fjölda mannmánuða í laun aðstoðarmanna og framlagi þeirra til verkefnisins, aðkeyptri þjónustu, ferðakostnaði og öðrum kostnaði sem áætlaður er á verkefnið. Rannsóknarþjónusta veitir upplýsingar um viðmið skólans um laun til aðstoðarrannsakenda og meistaranema.

5. Fylgiskjöl

5.1 Ferilskrá og yfirlit yfir helstu verk umsækjanda.

5.2 Greinargerð vegna fyrri styrks fyrir sama verkefni. Ef um framhaldsumsókn er að ræða skal fylgja framvinduskýrsla ásamt nákvæmu reikningsuppgjöri vegna síðasta styrktímabils verkefnisins.

5.3 Lokaskýrsla vegna fyrri styrks fyrir annað verkefni. Ef umsækjandi hefur áður hlotið styrk úr Rannsóknasjóði LHÍ vegna annars verkefnis skal lokaskýrsla og fjárhagsuppgjör þess liggja fyrir áður en þessi umsókn er tekin fyrir.

